

Hlutverk Viðlagatrygginga Íslands í náttúruhamförum

Hulda Ragnheiður Árnadóttir¹

¹ Viðlagatrygging Íslands (hulda@vidlagatrygging.is)

„Viðlagatrygging Íslands var sett á fót árið 1975 með sérstökum lögum. Verulegt tjón hafði orðið vegna eldsgoss í Vestmannaeyjum árið 1973 og árið 1974 þegar snjóflóð féll í Neskaupsstað. Það var því talið mikilvægt að koma á tryggingafélagi í eigu íslenska ríkisins sem myndi takast á við stóra atburði af völdum náttúruhamfara. Viðlagatrygging Íslands heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið en hefur sjálfstæða stjórn og fjárhag. Viðlagatrygging Íslands váttryggir gegn jarðskjálftum, eldgosum, snjóflóðum, skriðuföllum og vatnsflóðum. Skyld er að váttryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Váttryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem váttryggt er almennri samsettri váttryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík váttrygging undir eignatryggingar. Einnig er skylt að váttryggja eftirfarandi opinber mannvirki, þó að þau séu ekki brunatryggt; hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur og hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, brýr sem eru 50m eða lengri, raforkumannvirki, síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera og skíðalyftur.

Framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands mun kynna hlutverk Viðlagatryggingar Íslands(VTÍ) í náttúruhamförum, innheimtu iðgjalda og fyrirkomulag tjónamats og uppgjöra. Skýrt verður nánar hvaða eignir og verðmæti er váttryggt og hvað fellur utan bótaskyldu VTÍ.“